

er ráðist var á hér vestra, af þeim mönnum er að öllum líkendum myndu ekki finna Dr. Pétri það til foráttu nú, að skoðanir hans á Kvöldmáltíðar sakramentinu vari ólúterskar þó hann leggi áherzluna á það sem minningar athöfn, því svo mjög hafa þeir sjálfr hallað til og mæðast nú við að verja þær skoðanir er þeir þá átoldu mest.

Þó er sagan enn yngri af prestastefnunni í hinu forna Hóla-stipti, árið 1903, er síra Matth. Jochumsson mælti fram með endurskoðun trúarjátninganna og að þjéðkyrkjan íslenzka feldi úr játingum sínum ýmsar fornleifar svo sem um glötun ungbarna, eilífa útskúfun o.s.frv. Undarlega var því máli þá tekið og það af þeim mönnum er síðan hafa sýnt hið mesta frjálslyndi í þeim sökum, ef fara má eftir blaðafréttunum þá, til dæmis, eins og af Hjörleifi próf. Einarssyni og Zophoníasi próf. Halldórsyni, er báðir mæltu fastlega á móti. Máli því hefir kannske verið helzt til snemma hreyft, en ótrúlegt er að „rödd samvirkunnar“ hafi ekki um það leyti talað svipuðum orðum í þeirra brjóstum og síra Matthíasar. Þó var furðan meiri hvað „Verðiljós“ fór óverðugum orðum um þá tillögu Síra Matthíasar. Ritstj. Síra Jón Helgason, er þá var farinn að mæla með Biblú rannsóknunum, er hefði þó sannarlega átt að vera viðkvæmara mál öllum forn hugsandi guðfræðingum, þar sem þær raska algjörlega skoðun eldri tíma —og Lúters tíma— á ritningunni, heldur en þótt yfirskoðaðar væru trúarjátningarnar, er byggjast eingöngu á *þýðing* þeirri er *menn* lögðu fyrrum í *orð* ritningarnar, mótmælti freklega tillögu Síra Matthíasar, og sagði að það væri „eins og annað hringlið í Síra Matth.“

En nú eru trúarjátningarnar ekkert annað en „samsafn af kenningum.“ Og í „Kyrkjublaðinu“ (No. 9 þ. á.) segir Síra J. H. að Kristindómurinn sé fyrst og fremst *líf*, eins og líka flestir hugsandi menn munu játa með honum. „Kristindómurinn er *ekki* kenning, heldur *líf*, ekki orð heldur kraftur, ekki teikn, heldur fyllingin sjálf“ (bls 97). „Það var, eins og líklega flestir vita, eitt af aðal einkennum Farísea að þeir álita átrúnaðinn vera samsafn af kenningum og sann trúuaðann þann einn er viðurkendi þessar kenningar.— Petta er einmitt eitt af þeim